

Þingflokksfundur Pírata, miðvikudaginn 22. febrúar 2017, kl. 13.

Ásta Guðrún Helgadóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Gunnar Hrafn Jónsson, Gunnar Ingiberg Guðmundsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Viktor Orri Valgarðsson, Kristján Gunnarsson og Jón Þórisson. Birgitta Jónsdóttir var fjarverandi vegna starfa erlendis.

Berglind ritar fundargerð.

Nr. 9/2017

1. Fundargerð

Athugasemdir gerðar við 5. lið fundargerðar frá 6. febrúar. Var það lagfært og fundargerðin að svo búnu samþykkt.

2. Bréf af þingflokksformannafundi

Ásta Guðrún gerði grein fyrir því sem fram fór fundi þingflokksformanna og fór yfir drög að dagskránni framundan.

3. Bréf af forsætisnefndarfundi

Jón Þór gerði grein fyrir fundi forsætisnefndar.

4. Dagskráin í dag og framundan

Ákveðið að Gunnar Ingiberg fari í óundirbúin fyrirspurnartíma á morgun og hyggst hann ræða við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Einar mun einnig taka til máls í óundirbúnum fyrirspurnartíma á morgun, ef tækifæri gefst, og ræða við umhverfis- og auðlindaráðherra. Jón Þór og Björn Leví munu taka þátt í sérstökum umræðum í dag um matvælaöryggi. Jón Þór tekur þátt í sérstökum umræðum á morgun um ferðaþjónustu. Sérstakar umræður Viktors Orra um æskulýðsmál verða á dagskrá á föstudaginn og hyggst Ásta taka þátt í þeim. Einar, Halldóra og Þórhildur Sunna standa þingvakt í dag. Skráning í störf þingsins var rædd.

5. Bréf úr nefndum

Þingmenn gerðu grein fyrir stöðu mála í nefndum.

6. Kosning í stjórnir, nefndir og ráð

Tilnefningar í landskjörstjórn og yfirkjörstjórnir suðurkjördæmis, suðvesturkjördæmis auk tilnefningar aðalmanns í Reykjavíkurborg kjördæmi suður voru samþykktar samhljóða. Ákveðið var að fresta atkvæðagreiðslu um tilnefningar í norðvesturkjördæmi auk tilnefningar varamanns í Reykjavíkurborg kjördæmi suður til næsta þingflokksfundar á mánudaginn. Óbreytt skipan fulltrúa í stjórn RÚV var samþykkt samhljóða. Samþykkt var samhljóða sú tillaga að sá þingmaður sem situr í atvinnuveganefnd hverju sinni sitji einnig í samráðsvettvangi um fiskveiðigjöld.

Tilnefningar í nefnd um erlenda fjárfestingu og bankaráð Seðlabanka Íslands voru samþykktar samhljóða. [Samþykkt um tilnefningu í bankaráð Seðlabanka Íslands var afturkölluð 27. febrúar.]

7. Þingmál

Þingmál voru rædd. Lagt var til að þingmál yrðu tekin fyrir á umræðufundum.

8. Önnur mál

Þórhildur Sunna óskaði eftir því að fá að nota skrifstofuhúsnæði þingflokksins undir aðalfund MFÍK vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Engar athugasemdir voru gerðar en óskað var eftir því að afnot á skrifstofurými þingflokksins verði tekið til umræðu á þingflokksfundi. Smári greindi frá fyrirhugaðri ráðstefnu um mánaðarmótin mars/apríl og sendir beiðni á þingflokkinn þess efnis. Þórhildur Sunna lagði til að haldnir yrðu sértakir vikulegir umræðufundir þingflokksins.

9. Trúnaðarskylda í nefndum

Þórhildur Sunna gerði grein fyrir málinu. Lagt var til að Halldóra hafi samband við lögfræðing og fái álit. Staðfesting á samþykki fyrir lögfræðilegu álitu verður afgreitt þingflokksfundi.

10. Endurskoðun útlendingalaga

Viktor Orri skoðar málið.

11. Þingskapanefnd

Dagskrárlið frestað.

12. Þingmannapjálfun

Dagskrárlið frestað.

13. Drög að tillögu um fundarsköp þingflokks Pírata

Dagskrárlið frestað.

14. Önnur mál

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.50.